



HRUNAMANNAREPPUR

**32. FUNDUR HREPPSNEFNDAR
KJÖRTÍMABILID 2010 – 2014 11. FUNDUR ÁRSINS
VERÐUR HALDINN FIMMTUDAGINN 1. NÓVEMBER 2012
KL. 16.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM**

Árið 2012, þann 1. nóvember 2012 kom hreppsnefnd Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 16.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Þorleifur Jóhannesson sem varamaður Halldóru Hjörleifsdóttur, Unnsteinn Eggertsson, Esther Guðjónsdóttir, Gunnar Þór Jóhannesson og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon oddviti setti fund og stjórnari honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir því að taka fyrir 3 mál, beiðni frá Vegagerðinni um framkvæmdaleyfi vegna námu í landi Haukhólts, breytingu á deiliskipulagi Grundar á Flúðum vegna Hótel Flúða og erindi frá kirkjukór Hruna- og Hrepphólasókna. Hreppsnefnd samþykkir að leggja erindin fram.

Erindi til hreppsnefndar:

1. Drög að fjárhagsáætlun 2013-2016. (Fyrri umræða)
2. Ákvörðun um álagningarprósentu útsvars 2013.
3. Tillaga að gjaldskrá fyrir félagsheimili 2013.
4. Tillaga að gjaldskrá fyrir sundlaug og íþróttahús 2013.
5. Tillaga að greiðslu þóknunar til embættis- og nefndarmanna Hrunamannahrepps 2013.
6. Tillaga að gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi 2013.
7. Tillaga um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti hjá elli- og örorkulífeyrisþegum í Hrunamannahreppi 2013.
8. Gjaldeyri slán Hrunamannahrepps.
9. Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um kosningar til Alþingis (persónukjör þvert á flokka).
10. Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um félagslega aðstoð (bifreiðarstyrkir hreyfihamlaða)
11. Landssamtökin Þroskahjálp: Áskorun til sveitarfélaga um þjónustu við fatlaða á heimilum sínum og notendastýrða persónulega aðstoð.
12. Landssamband hestamannafélaga: Ósk um fjárstuðning.
13. Sjálfboðaliðasamtökin SEEDS: Áhugi um samstarf.
14. Grímur Hákonarson: Áskorun til sveitarstjórnarmanna um áframhaldandi starfsemi kvikmyndahúss á Suðurlandi.
15. S.Á.Á: Beiðni um stuðning við átakið Betra líf.
16. Motus: Greiðslugreining á útsendum reikningum.
17. Samkaup: Svarbréf við erindi hreppsnefndar.
18. Tæknisvið Uppsveita.
19. Kynning á lífdísselframleiðslu.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

20. Veitustjórn: Fundargerð 22. fundur veitustjórnar frá 26. október s.l.
21. Fræðslunefnd: Fundargerð 19. fundar vegna Flúðaskóla frá 24. október s.l.
22. Fræðslunefnd: Fundargerð 16. fundar vegna Undralands frá 24. október s.l.
23. Fræðslunefnd: Fundargerð 7. fundar vegna æskulýðsmála frá 24. október s.l.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnæssýslu og Flóahrepps:

24. Fundargerð Oddvítafundar Uppsveita frá 10. október 2012.
25. NOS: Fundargerð NOS frá 26. október s.l.
-liggur frammi á fundinum-
26. Velferðarnefnd Árnæssýslu: Fundargerð 11. fundar velferðarnefndar frá 10. október 2012.
27. 52. fundur skipulags- og bygginganefndar frá 25. október, 87. og 88. afgreiðslufundur byggingafulltrúa frá 3. október og 17. október s.l.
28. 12. fundur stjórnar Skipulags- og byggingafulltrúaembættis uppsveita Árnæssýslu og Flóahrepps bs. frá 25. október s.l.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 221. fundar stjórnar frá 1. október s.l.
- b. SASS: Fundargerð 460. fundur stjórnar SASS frá 17. október s.l.
- c. Skólaskrifstofa Suðurlands: Fundargerð 142. stjórnarfundar frá 2. október s.l.
- d. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 144. stjórnarfundar frá 26. september s.l.
- e. Héraðsnefnd Árneseinga: Fundargerð Héraðsnefndar frá 24. október s.l.
-liggur frammi á fundinum-

Kynningarmál:

- f. Fjármála- og efnahagsráðuneytið: Forkaupsréttur – Gröf
- g. Fundargerð fulltrúaráðs Brunavarna Árneseyslu þann 26. sept. s.l.
- h. Innanríkisráðuneytið: Móttekin bókun frá Hrunamannahrepp frá 8. okt. 2012.
- i. Skýrsla kjörstjórnar um þjóðaratkvæðagreiðslu 20. október 2012.
- j. Mennta- og menningarmálaráðuneytið: Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember.
- k. Landspítalinn: Ársreikningur sumarbústaðasjóðs Kópavogshælis fyrir árið 2010.
- l. Blindrafélagið: Leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélög um ferðabjónstu fyrir fatlað fólk.
- m. Samband íslenskra sveitarfélaga: Minnispunktar frá vinnufundi velferðarráðherra með Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 25. september 2012.
- n. Línudans ehf: Raforkuflutningskerfi – þróun og uppbygging.
- o. Jafnréttisnefnd sveitarfélaga: Ályktun um kynjaða fjárhags- og starfsáætlanagerð.
- p. Minnispunktar vegna fundar Hrunamannahrepps með fjárlaganefnd Alþings 8. október s.l.
- q. Samband íslenskra sveitarfélaga: Heildarkostnaður vegna grunnskóla.

Fundir framundan:

- r. Landskerfi bókasafna: Aukaaðalfundur 8. nóvember kl. 14.00.
- s. EBÍ: Kynningarfundur 8. nóvember á Hótel Selfoss.
- t. Uppskeruhátíð Markaðsstofu Suðurlands 16. nóvember á Hótel Selfoss.

Erindi til hreppsnefndar:

1. Drög að fjárhagsáætlun 2013-2016. (Fyrri umræða)

Lögð voru fram drög að fjárhagsáætlun 2013-2016 og minnisblað um forsendur áætlunarinnar. Sveitastjóri fór yfir helstu kennitölur og forsendur fjárhagsáætlunar Hrunamannahrepps fyrir árið 2013. **Helstu forsendur eru:** Reiknað er með að tekjur af útsvari hækki um 14 milljónir frá áætlun 2012. Gert er ráð fyrir að framlög úr **Jöfnunarsjóði** lækki um 12 milljónir frá áætlun 2012 með viðaukum þar sem óvissa er um framlög og tekjur ríkissjóðs, áætlun sjóðsins liggur ekki endanlega fyrir og veruleg lækkun er á tekjujöfnunarframlagi 2012. **Fasteignaskattur** er byggður á bráðabirgðaálagningu fyrir árið 2013. Fyrir liggur að almennt hækkar fasteignamat um 4,7% og á lóðum um 4,5% auk þess sem búast má við að eignum á fasteignaskrá fjölgi. **Álagningarhlutföll** verði hin sömu og ársins 2012, eða 0,60% á A flokki, 1,32% í B-flokki og 1,32% í C-flokki. Gert er ráð fyrir að tekjur vegna fasteignagjalda hækki um kr. 4,5 milljónir frá áætlun 2012 með viðaukum. Lóðaleiga verði áfram 0,5% af fasteignamati. **Gjaldskrár** hækki almennt um 4-5%. **Rekstur einstakra málaflokka var yfirfarinn** með hliðsjón af áætlun 2012 með viðaukum og gerðar breytingar eftir því sem ástæða var talin. Haft var samráð við forstöðumenn deilda. **Þjónustutekjur** sem lagðar eru á með fasteignagjöldum eru áætlaðar með hliðsjón af fyrirliggjandi tillögum.

Önnur atriði: Gert er ráð fyrir afborgunum lána í samræmi við skilmála þeirra. **Eignasjóður – rekstur** en til tekna færast leigutekjur frá aðalsjóði. Til gjalda færast bein rekstrargjöld s.s. viðhald, fasteignagjöld og tryggingar. **Eignasjóður fjármunatekjur og fjármunagjöld:** Meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda færast vaxtagjöld af langtímaskuldum við aðalsjóð og vegna annarra langtímalána. **Fjárfestingar og lántökur:** Gert er ráð fyrir nettó fjárfestingum að fjárhæð kr. 20 millj., aðallega vegna gatnakerfis og hitaveitu en ekki er gert ráð fyrir lántökum í áætluninni. **Helstu niðurstöður:** Samkvæmt niðurstöðum rekstrarreiknings er tekjuafgangur á samstæðunni að fjárhæð kr. 17,5 millj.

Sveitarstjóri fór síðan yfir forsendur áætlunar 2014-2016 . Í drögunum er gert ráð fyrir svipaðri fjárfestingu á hverju ári og fjárhagsáætlun 2013 og óbreyttum rekstri.

Eftir umræður og fyrirspurnir samþykkti hreppsnefnd að vísa áætluninni til seinni umræðu með breytingum sem ræddar voru á fundinum.

2. **Ákvörðun um álagningarprósentu útsvars 2013.**
Oddviti kynnti og lagði fram tillögu um álagningarprósentu útsvars árið 2013. Lagt er til að álagning verði óbreytt, eða 14,48%. Hreppsnefnd samþykkir tillögunu.
3. **Tillaga að gjaldskrá fyrir félagsheimili 2013.**
Oddviti lagði fram tillögu að gjaldskrá fyrir Félagsheimilið fyrir árið 2013. Hreppsnefnd samþykkir tillögunu sem tekur gildi 1. janúar 2013.
4. **Tillaga að gjaldskrá fyrir sundlaug og íþróttahús 2013.**
Oddviti lagði fram tillögu að gjaldskrá fyrir sundlaug og íþróttahús á árinu 2013. Hreppsnefnd samþykkir tillögunu sem tekur gildi 1. janúar 2013.
5. **Tillaga að greiðslu þóknunar til embættis- og nefndarmanna Hrunamannahrepps 2013.**
Sveitastjóri lagði fram tillögu að greiðslu þóknunar til embættis- og nefndarmanna fyrir árið 2013. Hreppsnefnd samþykkir tillögunu með breytingum.
6. **Tillaga að gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi 2013.**
Oddviti lagði fram tillögu um gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs fyrir árið 2013. Gert er ráð fyrir 5% hækkun frá síðasta ári. Sorphirðugjöld íbúðarhúsa verði kr. 17.500, og sorpeyðingargjald íbúðarhúsa 18.500, vegna frístundahúsa kr. 14.700 og atvinnuhúsnæðis kr. 36.800. Sérstakt aukasorpgjald þar sem flokkað er eftir magni í 9 flokkum hækkar einnig um 5%. Hreppsnefnd samþykkir tillögunu.
7. **Tillaga um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti hjá elli- og örorkulífeyrisþegum í Hrunamannahreppi 2013.**
Oddviti lagði fram og kynnti tillögu að reglum um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti elli- og örorkulífeyrisþega. Hreppsnefnd samþykkir tillögunu.
8. **Gjaldeyrislán Hrunamannahrepps.**
Oddviti kynnti bréf sem sent hefur verið til Arion banka hf. þar sem krafist er endurútreikninga á gjaldeyrislánum Hrunamannahrepps í samræmi við dóm Hæstaréttar í málinu 464/2012.
9. **Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um kosningar til Alþingis (persónukjör þvert á flokka).**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis um frumvarp til laga um kosningar til Alþingis (persónukjör þvert á flokka).
10. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um félagslega aðstoð (bifreiðarstyrkir hreyfihamlaðra).**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um frumvarp til laga um félagslega aðstoð (bifreiðastyrkir hreyfihamlaðra). Hreppsnefnd vísar málinu til Velferðarnefndar Árneshöfða.
11. **Landssamtökin Þroskahjálp: Áskorun til sveitarfélaga um þjónustu við fatlaða á heimilum sínum og notendastýrða persónulega aðstoð.**
Oddviti kynnti ályktun frá Landssamtökum Þroskahjálp, þar sem skorað er á sveitarfélög að hefja uppbyggingu á þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum og þátttöku í tilraunaverkefninu NPA.
12. **Landssamband hestamannafélaga: Ósk um fjárstuðning.**
Oddviti kynnti beiðni um styrk frá Landssamtökum hestamannafélaga vegna skráningu reiðleiða. Hreppsnefnd hafnar erindinu.
13. **Sjálfboðaliðasamtökin SEEDS: Áhugi um samstarf.**
Oddviti kynnti bréf frá SEEDS þar sem þeir kynna starfsemi sína og bjóða sveitarfélaginu upp á samstarf næsta sumar. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að skoða möguleika á verkefnum vegna samstarfs.

14. **Grímur Hákonarson: Áskorun til sveitarstjórnarmanna um áframhaldandi starfsemi kvikmyndahúss á Suðurlandi.**
Oddviti kynnti bréf frá Grími Hákonarsyni þar sem hann skorar á sveitarfélög á Suðurlandi að taka höndum saman og koma í veg fyrir að áfram verði rekið kvikmyndahús á Selfossi.
15. **S.Á.Á: Beiðni um stuðning við átakið Betra líf.**
Oddviti kynnti beiðni um stuðning frá SÁÁ vegna átaksins Betra líf og einnig ósk um stuðningsyfirlýsingu. Hreppsnefnd getur tekið undir að SÁÁ rekur mjög þarfa starfsemi sem þarf öflugan stuðning en tekur ekki að öðru leyti afstöðu til erindisins.
16. **Motus: Greiðslugreining á útsendum reikningum.**
Oddviti kynnti greiðslugreiningu frá Motus á útsendum reikningum Hrunamannahrepps. Fram kemur að greiðsluhlutfall er mjög gott.
17. **Samkaup: Svarbréf við erindi hreppsnefndar.**
Oddviti kynnti svarbréf frá Ómari Valdimarssyni framkvæmdastjóra Samkaupa.
18. **Tæknisvið Uppsveita.**
Oddviti kynnti hugmyndir um sameiginlegt tæknisvið sem þjóna myndi öllum sveitarfélögum í Byggðasamlagi uppsveita Árnessýslu og Flóa. Hreppsnefnd fagnar hugmyndinni og felur oddvita og sveitarstjóra að vinna áfram að málinu með það í huga að taka endanlega ákvörðun á næsta fundi hreppsnefndar.
19. **Kynning á lífdíselframleiðslu.**
Málinu er frestað.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

20. **Veitustjórn: Fundargerð 22. fundur veitustjórnar frá 26. október s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 22. fundar veitustjórnar. Lögð var fram fjárhagsáætlun fyrir Hitaveitu Flúða 2013, lagðar voru fram tillögur að gjaldskrám fyrir hitaveitu, fráveitu og vatnsveitu, hitamæling á borholu á Kópsvatni kynnt, stöðuyfirlit lagt fram á rekstri vatns- og fráveitu, upplýsingar lagðar fram um greiðsluflæði hitaveitureikninga og lífdíselframleiðsla rædd. Gert er ráð fyrir að gjaldskrá hitaveitunnar hækki almennt um 4% og taxti gróðurhúsa hækki um 5% en heimæðagjöld fylgi breytingum á byggingarvísitölu og hækki um 3,4%. Gjaldskrá vegna vatnsveitu vegna íbúðarhúsnæðis verði óbreytt 0,27% af fasteignarmati en lágmarksgjald hækkar í kr. 29.500 eða um 4,2%. Hámarksgjald á íbúðarhús verður óbreytt kr. 60.000. Fast vatnsgjald í frístundahús hækkar um 4,2% og verður kr. 29.500. Vatnsgjald í atvinnuhúsnæði verður óbreytt 0,15% af fasteignamati og lágmark óbreytt kr. 70.000. Heimæðagjöld hækka sem nemur hækkun byggingarvísitölu um 3,4% og aðrar hækkanir nema 4%. Gjaldskrá vegna fráveitu verður óbreytt á íbúðar- og atvinnuhúsnæði í þéttbýlinu á Flúðum eða 0,27% af fasteignarmati og hámarksgjald íbúðarhúsnæðis óbreytt kr. 54.000. Hámarksgjald á atvinnuhúsnæði verður óbreytt kr. 180.000. Árlegt gjald fyrir hreinsun og tæmingu rotþróa utan þéttbýlisins á Flúðum verður kr. 7.000 og hækkar um 4,5% en hreinsað verður á 3ja ára fresti. Heimæðagjöld í þéttbýlinu á Flúðum hækka sem nemur hækkun byggingarvísitölu 3,4% og aðrar hækkanir nema 4,5%. Meirihluti hreppsnefnd samþykkir fundargerðina og þær gjaldskrár og gjaldskrárbreytingar sem lagðar voru til. Gunnar og Esther taka undir bókun minnihluta veitustjórnar að vegna óhóflegrar fjárfestingar á árinu samþykkjum við ekki hækkun á hitaveitugjöldum. Samþykkjum ekki heldur neinar hækkanir á heimtaugargjöldum vegna fráveitu, hitaveitu eða vatnsveitu þar sem við teljum að það þurfi að lækka þau á sömu forsendum og gatnagerðargjöld voru lækkuð.
21. **Fræðslunefnd: Fundargerð 19. fundar vegna Flúðaskóla frá 24. október s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð fræðslunefndar vegna Flúðaskóla frá 24. október s.l. Hreppsnefnd vekur athygli á frábærum árangri nemenda skólans í Nýsköpunarkeppni grunnskólanna og óskar þeim til hamingju með árangurinn. Farið var yfir skýrslu skólastjóra, farið yfir tillögur að gjaldskrám mótuneytis og skólasels, farið yfir fjárhagsáætlun 2013, skólanámskrá rædd, farið yfir vinnu við skólastefnu og teknar fyrir beiðnir um launalaus leyfi. Nefndin leggur til að verð á hressingu hækki úr kr. 58 í kr. 64 og skólamáltíð hækki úr kr. 255 í kr. 280 fyrir börn og starfsfólk sveitarfélagsins frá og með 1. janúar nk. Þá leggur

hún til að tímagjald vistunar í skólaseli hækki úr kr. 245 í kr. 270, gjald fyrir máltíð úr kr. 88 í kr. 94 frá og með 1. janúar nk. Hreppsnefnd samþykkir fjárhagsáætlun nefndarinnar með þeim breytingum að gjöld vegna afnota skóla af sundlaug og íþróttahúsi lækka lítilega í samræmi við tillögur endurskoðenda. Máltíð vegna Heimalands hækkar um 5% frá og með 1. janúar 2013 úr kr. 430 í kr. 452. Að öðru leyti samþykkir hreppsnefnd fundargerðina.

22. Fræðslunefnd: Fundargerð 16. fundar vegna Undralands frá 24. október s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 16. fundar fræðslunefndar vegna Undralands frá 24. október. Farið var yfir fjárhagsáætlun og gjaldskrá fyrir árið 2013, breytingar á dvalarreglum, umsóknir um vistun yngri barna, starfsáætlun og ársskýrsla leikskólans kynnt og farið yfir vinnu við skólastefnu. Nefndin leggur til 5% hækkun á leikskólagjöldum frá og með 1. janúar nk., gjald fyrir hádegisverð hækki úr kr. 255 í kr. 280, morgunhressing hækki úr kr. 61 í kr. 64 og síðdegishressingu úr kr. 94 í kr. 97 allt frá og með 1. jan. n.k. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

23. Fræðslunefnd: Fundargerð 7. fundar vegna æskulýðsmála frá 24. október s.l.

Oddviti kynnti fundargerð fræðslunefndar vegna æskulýðsmála. Farið var yfir skýrslu forstöðumanns, farið yfir drög að fjárhagsáætlun fyrir 2013 og starfið framundan. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:

24. Fundargerð Oddvitafundar Uppsveita frá 10. október 2012.

Oddviti kynnti fundargerð Oddvitafundar frá 10. okt. s.l. Farið var yfir mál er varðar Minjasafnið í Gröf, haustfund Héraðsnefndar og aðalfund SASS. Lagðar voru fram hugmyndir um að koma á stofn tæknisviði Uppsveitanna og var það sent til umræðu heima í héraði. Rædd var aðild Ásahrepps að embætti skipulags- og byggingarfulltrúa. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

25. NOS: Fundargerð NOS frá 26. október s.l.

Oddviti kynnti fundargerð Nos frá 26. október. Farið var yfir tillögu um skipun nefndar vegna málaflokksins „Málefni fatlaðra“. Félagsmálastjóri kynnti eftirfylgni starfsáætlunar 2012 og breytingar á atvinnuleysisbótarétti og áhrif á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Rætt var um heimaþjónustu og þróun hennar og var ákveðið að vísa ákvörðun um aukna kvöld- og helgarþjónustu til ákvörðunar hvernar sveitarstjórnar. Ákveðið hefur verið að ráða þroskaþjálfara í tilsjón í barnavernd. Félagsmálastjóri kom með gjaldskrártillögu vegna dagforeldra. Farið var yfir fjárhagsáætlun 2013. Kynnt var væntanlegt foreldrafærnisáskilnaði í sveitarfélögunum. Kynntar voru ályktanir frá landsfundi Jafnréttisnefnda sveitarfélaga. Stefnt er að upplýsingarfundir fyrir sveitarstjórnir á vormánuðum. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina og felur sveitarstjóra og félagsmálastjóra að meta þörfina fyrir heimaþjónustu um helgar.

26. Velferðanefnd Árneshrepps: Fundargerð 11. fundar velferðarnefndar frá 10. október 2012.

Oddviti kynnti fundargerð velferðarnefndar frá 10. okt. s.l. Þar var fjallað um trúnaðarmál, félagsmálastjóri lagði fram greinargerð og tillögur vegna fjárhagsáætlunar 2013. Félagsmálastjóri lagði fram ályktanir landsfundar jafnréttisnefnda frá 14. sept s.l. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

27. 52. fundur skipulags- og byggingarnefndar frá 25. október, 87. og 88. afgreiðslufundur byggingarfulltrúa frá 3. október og 17. október s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 52. fundar Skipulags- og byggingarnefndar frá 25. október. s.l. ásamt 87. og 88. afgreiðslufundum byggingarfulltrúa. Afgreiðsla einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp er eftirfarandi:

Nr. 5. Lagðar fram fundargerðir 87. afgreiðslufundar byggingarfulltrúa frá 3. okt. s.l. og 88. afgreiðslufundar byggingarfulltrúa frá 17. okt. s.l. en þar voru tekin fyrir 6 mál sem snertu Hrunamannahrepp. Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Nr. 9. Lögð fram að að lokinni grenndarkynningu tillaga að breytingu á deiliskipulagi á lóð nr. 29 í Dalabyggð en ein athugasemd barst. Hreppsnefnd samþykkir afgreiðslu nefndarinnar að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt óbreytt þar sem ekki er hægt

- að færa byggingarreit nær Þjóðvegi nema leita eftir nýrri undanþágu frá skipulagsreglugerð.
- Nr. 10. Lögð fram ósk um stækkun iðnaðarlóðar úr landi Borgaráss vegna starfsmannahúss og til vara að stofnuð verði sér lóð utan um starfsmannahús. Hreppsnefnd samþykkir afgreiðslu nefndarinnar um að nauðsynlegt sé að unnið sé deiliskipulag fyrir svæðið.
- Nr. 11. Lagt fram erindi ásamt lóðablaði sem sýnir landskipti jarðarinnar Hlíð í Hrunamannahreppi þar sem óskað er eftir að jörðinni verði skipt í 2 séreignarhluta og 1 sameignarhluta. Jafnframt er óskað eftir því að hluti jarðarinnar verði leystur undan landbúnaðarnotum. Hreppsnefnd samþykkir afgreiðslu nefndarinnar um fyrirliggjandi landskipti jarðarinnar skv. 13. gr. jarðarlaga og samþykkir að hluti jarðarinnar verði leystur undan landbúnaðarnotkum.
- Nr. 31. Lögð fram til kynningar tillaga Skipulagsstofnunar að landskipulagsstefnu ásamt tilheyrandi umhverfisskýrslu. Hreppsnefnd samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.
- Að öðru leyti er fundargerðin samþykkt samhljóða.
28. **12. fundur stjórnar Skipulags- og byggingafulltrúaembættis uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps bs. frá 25. október s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 12. fundar Skipulags- og byggingafulltrúaembættis uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps bs. Farið var yfir endurskoðun fjárhagsáætlunar fyrir 2012 og drög að fjárhagsáætlun fyrir 2013. Þá var farið var yfir starfsmannamál skipulags- og byggingarfulltrúaembættisins vegna umsókna um starf aðstoðarmanns byggingarfulltrúa og ritara. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.
- Önnur mál:**
29. **Framkvæmdaleyfi fyrir námu úr landi Haukholta.**
Lagt fram erindi Vegagerðarinnar dags. 25. október 2012 þar sem óskað er eftir framkvæmdaleyfi fyrir 10.000 rúmmetra efnistöku úr Fossnámu í landi Haukholts. Fram kemur að áætlaður vinnslutími verði nóvember til janúar og að gengið verði frá námunni í samráði við landeigendur að efnistöku lokinni. Framkvæmdin er í samræmi við gildandi aðalskipulag þar sem náman er merkt E3 á skipulagsupprætti. Samþykkt að fela skipulagsfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku þegar fyrir liggja lagfærð gögn varðandi lýsingu efnistöku.
30. **Breyting á deiliskipulagi Grundar.**
Fyrir á þessu ári var auglýst og samþykkt tillaga að breytingu á deiliskipulagi miðsvæðis Flúða vegna fyrirhugaðrar stækkunar Hótel Flúða. Sú breyting tók þó ekki gildi þar sem deiliskipulagið sem verið var að breyta og samþykkt var árið 2002 hafði ekki tekið formlega gildi með auglýsingu í B-deild stjórnartíðinda. Nú liggur fyrir ný beiðni um stækkun hótelsins, byggðar á tillögum Apparat arkitekta, þar sem gert er ráð fyrir allt að tveggja hæða viðbyggingu sunnan megin við hótelið. Hreppsnefnd samþykkir að breyta gildandi deiliskipulagi Grundar á Flúðum á þann veg að skipulagsmörk stækka til vesturs yfir lóð Hótel Flúða. Þá er gert ráð fyrir byggingarreit fyrir nýja allt að tveggja hæða viðbyggingu og aðstöðu fyrir gesti á þaki, sunnan megin við núverandi hótél í samræmi við fyrirliggjandi beiðni.
31. **Erindi frá kirkjukór Hrúna- og Hrepphólasókna.**
Lagt er fram erindi frá kirkjukórnum um að hreppsnefnd endurskoði afstöðu sína til Tónsmíðju Suðurlands. Hreppsnefnd felur oddvita og sveitarstjóra að ræða við bréfitara.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. **Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 221. fundar stjórnar frá 1. október s.l.** Lagt fram til kynningar.
- b. **SASS: Fundargerð 460. fundur stjórnar SASS frá 17. október s.l.** Lagt fram til kynningar.
- c. **Skólaskrifstofa Suðurlands: Fundargerð 142. stjórnarfundar frá 2.október s.l.** Lagt fram til kynningar.

- d. **Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 144. stjórnarfundar frá 26. september s.l.** Lagt fram til kynningar.
- e. **Héraðsnefnd Árnesinga: Fundargerð Héraðsnefndar frá 24. október s.l.** Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

- f. **Fjármála- og efnahagsráðuneytið: Forkaupsréttur – Gröf** Lagt fram til kynningar.
- g. **Fundargerð fulltrúaráðs Brunavarna Árnessýslu þann 26. sept. s.l.** Lagt fram til kynningar.
- h. **Innanríkisráðuneytið: Móttækin bókun frá Hrunamannahrepp frá 8. okt. 2012.** Lagt fram til kynningar.
- i. **Skýrsla kjörstjórnar um þjóðaratkvæðagreiðslu 20. október 2012.** Lagt fram til kynningar.
- j. **Mennta- og menningarmálaráðuneytið: Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember.** Lagt fram til kynningar.
- k. **Landspítalinn: Ársreikningur sumarbústaðasjóðs Kópavogshælis fyrir árið 2010.** Lagt fram til kynningar.
- l. **Blindrafélagið: Leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélög um ferðaþjónstu fyrir fatlað fólk.** Lagt fram til kynningar.
- m. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Minnispunktar frá vinnufundi velferðarráðherra með Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 25. september 2012.** Lagt fram til kynningar.
- n. **Línudans ehf: Raforkuflutningskerfi – þróun og uppbygging.** Lagt fram til kynningar.
- o. **Jafnréttisnefnd sveitarfélaga: Ályktun um kynjaða fjárhags- og starfsáætlanagerð.** Lagt fram til kynningar.
- p. **Minnispunktar vegna fundar Hrunamannahrepps með fjárlaganefnd Alþings 8. október s.l.** Lagt fram til kynningar.
- q. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Heildarkostnaður vegna grunnskóla.**

Fundir framundan:

- r. **Landskerfi bókasafna: Aukaaðalfundur 8. nóvember kl. 14.00.**
- s. **EBÍ: Kynningarfundur 8. nóvember á Hótel Selfoss.**
- t. **Uppskeruhátíð Markaðsstofu Suðurlands 16. nóvember á Hótel Selfoss.**

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 19:00.